



Sumarlokanir 2014 verða með svipuðu móti og á síðasta ári og verður 19% legurýma lokað yfir hásumarið. Helsta breytingin frá síðasta sumri er að með tilkomu nýrrar hjúkrunardeildar á Vífilstöðum hefur legurýmum á spítalanum í heild fjölgað um 8 en hlutfall lokaðra rýma breytist lítið. Nú eru 684 virk legurými á LSH. Í sumar verður mest lokað 127 legurýmum en þá verða 557 legurými til ráðstöfunar en voru 547 sumarið 2013 og 526 sumarið 2012. Því verða ríflega 30 fleiri legurými opin í sumar en voru fyrir tveimur árum (mynd 1). Mestu lokanirnar eru í viku 28-32 en byrjað verður að loka rúmum í viku 24 og eiga öll legurými að vera opin í viku 36. (mynd 2 og 3).

Auk skipulagðra sumarlokana má búast við einhverjum lokunum til viðbótar þar sem farið verður í viðgerðir á gluggum á suðurhlíð A álmu í Fossvogi, vesturhlíð B álmu á Hringbraut og á Landakoti. Ekki er enn ljóst hvering staðið verður að þeim lokunum.




Mynd 1 – lokað rúm sem hlutfall af heildarrúmafjölda

Byrjað verður að loka fyrstu rúmunum um 9. júní og ná lokanirnar fram til ágústloka. Mesta lokunin verður frá fyrstu vikunni í júlí og fram yfir verslunarmannahelgi (sjá myndir 2-3).



Mynd 2 – rúmalokanir eftir vikum



Mynd 3 – dreifing rúmalokana yfir sumarið árin 2011 til 2014

Á skurðlækningasviði verða 16 rúm lokuð í rúmar 9 vikur á Hringbraut frá 18.júní til 18. ágúst, en þá sameina deildir 12G og 12E starfsemi sína á deild 12E sem verður með 18 rúm í rekstri. Í Fossvogi verða 18 rúm lokuð í 10 vikur frá 13. júní til 25. ágúst, en þá sameina deildir B6 og A4 starfsemi sína á B6 sem verður með 18 rúm í rekstri. Skurðstofur draga saman starfsemi frá 10. júní til og með 1. september (sjá mynd 3). Dagdeildir 13D og A5 verða opnar í allt sumar, einnig göngudeildir B3, 11A og 10E. Samdráttur verður á valkvæðum aðgerðum á því tímabili eins og verið hefur á liðnum árum. Á gjörgæsludeildum verður óbreytt starfsemi. Sama gildir um GÁT teymi og eftirfylgd. Vöknun í Fossvogi verður lokað að næturlagi yfir hásumarið. Öllum bráðatilfellum verður sinnt af gjörgæsludeildinni. Starfsemi vöknunar á Hringbraut verður óbreytt í sumar. Vöknun á kvennadeild verður einungis opin frá kl. 08:00 – 16:00 yfir hásumarið.

2014	Fossvogur	Hringbraut	Kvennadeild	Samtals skurðstofur
10.06-22.06 (2 vikur)	4	4	2	10
23.06-24.08 (9 vikur)	3	3	2	8
25.08-1.09 (1 vika)	4	4	2	10

Mynd 3 – fjöldi opinna skurðstofa

Augndeild Eiríksgötu verður lokuð frá 7. júlí til 5. ágúst. Aðkallandi þjónustu verður sinnt á göngudeild og bráðaaðgerðum á skurðstofu á Hringbraut. Á þessum tíma verður sjúklingum sem eru að fá lyfjagjafir í auga sinnt á dagdeild 13D.

Blóðbankinn dregur saman starfsemi sína þannig að blóðbankabíllinn verður ekki starfræktur í 6 vikur, frá 30. júní til 8. ágúst. Í samráði við blóðlækningadeild verður ekki safnað, unnar eða gefnar stofnfrumur í um 6 vikur yfir hásumarið, frá 30. júní til og með 4. ágúst. Ekki verður tekið á móti sýnum í HLA-krosspróf frá 14. Júlí til og með 8. ágúst. HLA-flokkarnir og HLA-metefnaskimanir verða unnar eftir þörfum á þeim tíma.

Á lyflækningasviði verður mest 41 rúmi lokað yfir hásumarið líkt og síðasta sumar. Þetta er hlutfallsega minni lokun þar sem 22 rúm hafa bæst við sviðið með tilkomu hjúkrunardeildarinnar á Vífilstöðum. Á Hringbraut verða allar legudeildir sviðsins opnar með samtals 79 rúm. Hjartagátt verður opin en dagdeildin verður lokað frá 10. júní til 24. ágúst. Samdráttur verður í starfsemi hjarta- og æðapræðinga þar sem starfsemin verður dregin saman eftir föngum frá 10. júní til 24. ágúst. Í Fossvogi loka 9 rúm á deild B4 frá 15. júní til 10. ágúst. Eins og síðustu sumur mun deildin taka við sjúklingum frá öðrum deildum en lokað verður fyrir bráðainnlagnir á deildina. Á A6 loka svefnrannsóknir frá 13. júlí til 10. ágúst. Göngudeildir og dagdeildir draga saman starfsemi eftir föngum. Skilunardeild verður með óbreytta starfsemi. Á Landakoti lokar L3 (5 daga deild) frá 14. júní til 17. ágúst og dagdeildin lokar frá 7. júlí til 10. ágúst. Göngudeild L1 verður lokað 7. júlí – 5. ágúst, einn hjúkrunarfræðingur verður þar 5 daga í viku til að sinna þjónustu. Allar 7 daga deildirnar á Landakoti og hjúkrunardeildin á Vífilstöðum verða opnar að fullu. Á Grensási verða lokað 8 rúm á legudeildinni R2 frá 1. júlí til 19. ágúst. Dagdeild Grensáss verður lokað frá 28. júlí til 8. ágúst. Líknardeildin í Kópavogi verður með 8 legurými opin frá 10. júní til 24. ágúst. Dagdeild líknardeildar lokar frá 14. júlí til 24. ágúst og starfsemi 5 daga deildar verður dregin saman. Heimahlyfning verður með óbreytta starfsemi.

Á geðsviði verður einni legudeild, deild 33A, lokað í 6 vikur eða frá 27. júní til 6. ágúst. Þá lokar 5 daga endurhæfingardeild frá 30. júní í til 4. ágúst. Dagdeild átröskunar lokar í 11 vikur frá 13. júní til 1. september. Göngudeild átröskunar verður opin. Dagdeild Hvítabandi lokar frá 27. júní til 5. ágúst. Teigur lokar dagdeildarstarfssemi frá 27. júní til 11. ágúst.

Á kvenna- og barnasviði verða barnadeild verður á einum gangi með 13 rúm opin frá 18. júní til 18. ágúst. Dagdeild barna verður lokað frá 14. júlí til 10. ágúst. Á legudeild BUGL verða 7 rúm lokað á barnadeild frá 10. júní til 15. ágúst. Göngudeild BUGL verður lokað frá 7. júlí til 5. ágúst. Bráðaðþjónusta verður til staðar og heilbrigðisritari/móttökuritari í afgreiðslunni. Rjóður lokar frá 11. júlí til 8. ágúst.

Á kvenlækningadeild 21-A verður legudeildarrýmum fækkað úr 13 í 10 á virkum dögum og í 8 um helgar frá 9. júní til 25. ágúst og á sama tíma verður 5 dagdeildarrúmum lokað.

Sjúkrahótelið verður með 25 rými opin frá 1. júní til 31. ágúst.

Innlagnavakt mun starfa með hefðbundnum hætti í sumar með vaktir til kl. 20 virka daga og frá 10-22 um helgar og almenna frídaga.